

„Þetta byggir allt á samvinnunni“

Hjartamiðstöðin hlaut viðurkenningu á Degi lækna sem haldinn var í þriðja skipti um miðjan maí. Axel F. Sigurðsson, stofnandi og stjórnarformaður Hjartamiðstöðvarinnar, segir sterkan starfsmannahóp lykिलinn að því góða starfi sem þar fer fram

■■■ Kristborg Bóel Steindórsdóttir

Stjórn Læknafélags Íslands ákvað í byrjun þessa árs að efna til viðurkenninga fyrir lækna og starfsemi þeirra sem veittar yrðu árlega á Degi lækna. Viðurkenningu sem fyrirmyndarvinnustaður eða fyrirmyndarstarfsemi lækna hlutu Hjartamiðstöðin og Domus lækna.

„Við erum mjög þakklát og þetta er sannarlega mikill heiður fyrir okkur. Ég tel að upplifun skjólstæðinga okkar sé mjög góð og það skiptir okkur öllu máli. Slíkt sprettur ekki af sjálfu sér en hjá okkur starfar samheldinn hópur sem brennur fyrir sínu starfi. Við höfum leitast við að skapa góða aðstöðu fyrir starfsfólkið okkar og veita því rými og frelsi til að vaxa. Við erum í þessu saman, það er enginn öðrum fremri. Við getum hugsað starfsemina eins og hljómsveit sem kæmist ekki langt á einum trommara. Þetta byggir allt á samvinnunni,“ segir Axel.

Langaði að koma á fót heildstæðri þjónustu við hjartasjúklinga

Axel útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1984 og hélt svo til Svíþjóðar í ársbyrjun 1988 þar sem hann lærði hjartalækningar á Sahlgrenska/Östra háskólasjúkrahúsínu í Gautaborg. Tæpum átta árum síðar hélt hann til borgarinnar Victoria í British Columbia í Kanada þar sem hann tók árs „fellowship“ og sérhæfði sig í hjartaþræðingum og kransæðavíkkunum, sem varð síðar hans sérgrein þegar hann sneri aftur heim haustið 1996.

Hann hóf störf á Landspítalanum og vann samhliða því á hjartalækningastofu sem starfrækt var í Síðumúlanum. Árið 2001 var sú stofa lögð niður og nokkrir hjartalækna fluttu sig yfir í Lækna-setrið í Mjódd. Það var svo árið 2008, mitt í hruninu, sem Axel ákvað að tími væri kominn til að breyta þjónustu við hjartasjúklinga utan spítala.

„Fyrirkomulagið með læknastofur þess tíma hafði verið á þá leið að lækna leigðu herbergi og þá þjónustu sem því fylgdi. Yfirbyggingin var því lítil, sem vissulega dró úr kostnaði. Hugmyndafræðin á bak við Hjartamiðstöðina var önnur. Okkur langaði til að koma á fót heildstæðri þjónustu við hjartasjúklinga. Til þess þurftum við að fá fleira fagfólk en lækna til liðs við okkur. Við vildum komast úr umhverfinu sem byggðist á því að lækna skiptust á að leigja sér bása,“ segir Axel, en það var hjartalæknirinn Halldóra Björnsdóttir sem tók slaginn með honum. Halldóra hætti störfum hjá Hjartamiðstöðinni árið 2019.

„Við vildum að lækna gætu leyst hver annan af og unnið í teymi ásamt öðru fagfólki. Við töldum hugtakið „læknastofa“ í raun vera orðið úrelt. Við réðum til okkar

hjúkrunarfræðinga en slíkt tíðkaðist aðeins í litlum mæli á þessum tíma. Við vissum að það myndi bæði bæta gæði þjónustunnar og auka afköst,“ segir Axel og bætir við að slíkt rekstrarmódel hafi óneitanlega verið dýrara. Til að fjármagna drauminn tóku þau að sér nokkur stór verkefni á sviði klínískra lyfjarannsókna. „Þetta gaf okkur tekjur til að fara af stað og gerði okkur kleift að fjármagna laun hjúkrunarfræðinga. Við vorum búin að sá litlu fræi sem við létum okkur dreyma um að myndi lifa og dafna ef vel væri hlúð að því, en það voru óneitanlega erfiðir tímar á Íslandi þegar Hjartamiðstöðin hóf starfsemi sína í Holtasmára haustið 2008,“ segir Axel.

„Stefanía hefur alltaf verið límið sem heldur okkur saman“

Fljótlega hóf Stefanía Snorradóttir hjúkrunarfræðingur störf hjá Hjartamiðstöðinni, en hún hafði um árabil starfað á hjartadeild Landspítalans. „Stefanía hefur síðan leitt hjúkrunarþátt starfseminnar og á, að öðrum ólöstuðum, stóran þátt í að við erum þar sem við erum í dag. Stefanía hefur alltaf verið límið sem heldur okkur saman. Hugmyndafræðin hentaði henni fullkomlega og það gerði gæfumuninn á þessum tíma og hefur gert allar götur síðan,“ segir Axel, en ekki leið á löngu áður en fleiri lækna bættust í hópinn. „Í dag eru lækna fjórtán talsins; tólf hjartalækna, einn lungnalæknir og einn innkirtla-

Upplifun skjólstæðinga skiptir okkur öllu máli og hún verður til í góðri samvinnu.

Axel F. Sigurðsson, stjórnarformaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri Hjartamiðstöðvarinnar.
Mynd/aðsend

læknir. Þá eru fimm hjúkrunarfræðingar starfandi, sérþjálfaðir ómtæknar og annað starfsfólk í ýmsum verkefnum.”

Axel segir að gróflega megi skipta sjúklingahópi Hjartamiðstöðvarinnar í þrennt. „Í fyrsta lagi eru einstaklingar sem þurfa uppvinnslu vegna einkenna eða gruns um hjartasjúkdóm. Í öðru lagi eru skjólstæðingar með þekkt hjartavandamál sem eru í reglulegu eftirliti. Í þriðja lagi eru einstaklingar sem eru í aukinni hættu á að þróa með sér hjarta- og æðasjúkdóma, til dæmis vegna ættarsögu, óhagstæðs blóðfitumynsturs eða háþrýstings. Flestir nýir sjúklingar koma til okkar í gegnum tilvísun frá heimilislækni eða eftir legu á Landspítalanum. Lengi vel var fyrirkomulagið þannig að fólk gat bókað sjálft hjá okkur, en við náðum ekki að anna því. Nú koma því allir í gegnum tilvísun,” segir Axel.

Í Hjartamiðstöðinni eru framkvæmdar fjölbreyttar rannsóknir, svo sem hjartaómanir, hjartalínurit, áreynslupróf, síritun hjartsláttar og blóðþrýstings, auk kæfisvefnrannsókna. „Myndgreining gegnir sífellt mikilvægara hlutverki við greiningu og meðferð hjartasjúkdóma. Miklar framfarir hafa orðið í tölvusneiðmynda-töku af kransæðum og segulómkoðun-um af hjarta. Við höfum átt gott samstarf við Myndgreiningu Hjartaverndar, sem er í sama húsi og við, og hefur það styrkt okkur mikið faglega. Nokkrir læknar sem nýverið hafa komið heim úr sérnámi hafa bæst í hóp okkar á síðustu árum. Þetta hefur styrkt stöðu okkar mikið og getum við státað af því að hafa fulltrúa í flestum undirgreinum hjartalækninga. Það felst líka styrkur í því að starfa með lungna-lækni og innkirtlalækni enda mikil skörun á milli þessara sérgreina.”

Kominn í bakgrunninn sem stjórnarformaður

Axel, sem verður 67 ára í haust, hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Hjartamiðstöðvarinnar og Katrín Ragna



Kemp tekið við keflinu. „Ég var búinn að vera framkvæmdastjóri öll þessi ár en er núna meira í bakgrunninum sem stjórnarformaður. Það eru fjögur ár síðan Katrín tók við og hefur hún staðið sig alveg frábærlega. Ég kys að leyfa þeim unga hópi lækna sem hefur bæst við á síðustu árum að ákveða hvernig starfsemin þróast. Þó svo að ég hafi farið af stað með ákveðna hugmyndafræði þarf hún ekki að ráða ríkjum eftir að ég hætti. Framtíðin er þeirra,” segir Axel og bætir við: „Mér finnst við hafa náð heilmiklum árangri en að sama skapi sé ég fullt af tækifærum. Við höfum meðal annars rætt um sérhæfðar móttökur sem tíðkast víða erlendis, þar sem væri til dæmis sérstök móttaka fyrir þá sem eru með gáttatif eða önnur afmörkuð hjartavandamál og þar ynnu hjúkrunarfræðingar og læknar með viðeigandi sérþekkingu. Tækifærin til að styrkja þjónustuna eru því mörg.”

Skortir velvilja gagnvart sjálfstætt starfandi heilbrigðiseiningum

Myndi Axel ráðleggja ungum eldhugum að fara út í eigin rekstur? „Ég hef alltaf sagt að maður eigi að fylgja draumum sínum. Ég myndi því í sjálfu sér hvetja fólk til þess, en á sama tíma biðja það um að fara varlega. Þetta er erfitt umhverfi og hindranirnar geta verið margar.

Við höfum glímt við það á Íslandi, og gerum enn í dag, að víða er lítill velvilji gagnvart sjálfstætt starfandi heilbrigðiseiningum. Oft snýst þetta þó meira um pólitík en hagkvæmni eða hagsmuni sjúklinganna. Þessi hugmyndafræði hefur skemmt heilmikið fyrir okkur og gerir enn.

Ég myndi hvetja þá sem eru að velta þessu fyrir sér til að leita ráða hjá þeim sem hafa rutt brautina áður og þekkjá ferlið, svo þeir þurfi ekki að hlaupa á alla sömu veggina. Einnig er mikilvægt að setja fagleg vinnubrögð á oddinn. Það er alltaf sjúklingurinn sem skiptir mestu máli. Læknisfræðin snýst um að þjónusta sjúklinginn og maður má aldrei gleyma því sem getur gerst í hita leiksins.“

„Okkur langaði til að koma á fót heildstæðri þjónustu við hjartasjúklinga. Til þess þurftum við að fá fleira fagfólk en lækna til liðs við okkur. Við vildum komast úr umhverfinu sem byggðist á því að læknar skiptust á að leigja sér bása“